

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugaráss 1989-2009.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. október 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss í Biskupstungum 1989-2009, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að um 7 ha svæði við enda Auðsholtsvegur austast í Laugarási er ætlað var undir iðnað breytist í svæði fyrir íbúðarhús.

Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

17. nóvember 1997

AUGLÝSING

Nr. 647

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, iðnaðarsvæði.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. október 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, frá 6. mars 1987 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austan Þjóðvegur við suðurmörk Húsavíkurkaupstaðar er nú skilgreint sem skógrækt og útivist og sem iðnaðarsvæði.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

17. nóvember 1997

REGLUGERÐ

Nr. 648

um breyting á reglugerð um skotvopn og skotfæri, nr. 265, 1997.

1. gr.

Í stað „dómsmálaráðuneytis“ í 5. mgr. 5. gr. kemur: ríkislögreglustjóri.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um skotvopn, skotfæri og skotelda nr. 46 13. maí 1977, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. nóvember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Kolbeinn Árnason.